

Ed. 578. Frumvarp til lánsfjárlaga [55. mál]
fyrir árið 1982.

(Eftir 3. umr. í Nd., 1. apríl.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 673 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 404 560 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

4. gr.

Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð. Skal fjármálaráðherra leita samþykkis fjárveitinganefndar Alþingis áður en sjálfskuldarábyrgð er veitt.

5. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 18 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 39 500 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 75 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 18 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 14 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1982 að fjárhæð 7 600 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Bjargráðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 allt að fjárhæð 15 000 þús. kr.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 254 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um að hitaveita verði þjóðhagslega hagkvæm, áður en lán til hitaveituf framkvæmda eru veitt.

Fjármálaráðherra er heimilt f. h. ríkissjóðs að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að helmingi lána, sem Bygðasjóður veitir fyrirtækjum í útgerð, fiskiðnaði og iðnaði til fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna rekstrarerfiðleika, en heildarfjárhæð lánanna er að hámarki 60 milljónir króna.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr., að meðtöldum heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1982 og heimildum í 4.—18. gr. þessara laga.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 52 500 þús. kr. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1982 eigi fara fram úr 15 600 þús. kr.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 20 000 þús. kr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að framlag ríkissjóðs renni í Stofnfjárjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/éða fjármagnskostnaði fiskiskipa og samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 11 440 þús. kr.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 eigi fara fram úr 53 770 þús. kr.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 104 635 þús. kr. á árinu 1982.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 145 þús. kr.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 832 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 900 þús. kr.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 28 140 þús. kr. á árinu 1982.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 820 þús. kr.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilásjóðs eigi fara fram úr 6 850 þús. kr. á árinu 1982.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 400 þús. kr.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð, skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 130 þús. kr. á árinu 1982.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 43 000 þús. kr. á árinu 1982.

III. KAFLI

28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

29. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

30. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

31. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

32. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Við upphaf hvers árs skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánustu samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð lánstíma og lánskjör skuldabréfa sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsársins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers, sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af feni og aðföngum til ylræktarversins.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.